

Júní 2023

# Sjálfsmat Krikaskóla



Þrúður Hjelm  
Skólastjóri Krikaskóla  
Júní 2023

## Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Kannanir Skólapúlsins	3
2. Starfsmannakönnun Mosfellsbæjar - stjórnendamat	6
3. Námsmat – samræmd próf - lesfimi - Hljóm-2 athugun	7
4. Haustfundur og kynning á skólastarfi	9
5. Starfsmannasamtöl	10
6. Sjálfsmat teyma	11
7. Samráðsfundir barna og kennara – barnafundir	15
8. Endurmat sérkennsluþarfa og áætlanir um aðkomu sérfræðipjónustu	15
9. Fjárhagsáætlun	15
10. Skólaþing	16
11. Ýmis verkefni	16
12. Starfsáætlun - Skólanámskrá	18
13. Endurmat á samkomulagi við grunnskólakennara	18
14. Vinnueftirlitið - áhættumat	18
16. Starfendarannsóknir Krikaskóla	18
Lokaorð	19

## Inngangur

Lögð er skylda á skóla í lögum um grunnskóla 2008 nr. 91 að meta skólastarf með kerfisbundnum hætti, árangur og gæði skólastarfsins á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Skólinn skal birta upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Sama skylda er samkvæmt lögum um leikskóla 2008 nr. 90 í grein 18.

Markmið með innra mati skólans er eftirfarandi:

### **35. gr.** Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í lögum um leikskóla 2008 nr. 90;

### **17. gr.** Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla,
- c. auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Gerð er 3 ára áætlun fyrir innra mat skólans sem endurskoðuð er reglulega eftir þörfum. Nauðsynlegt getur verið að færa til þætti og flýta endurskoðun eftir því sem starf skólans kallar á. Hér er áætlun sem tekur til skólaársins 2019-2020:

### **Árlegt innra mat:**

Foreldraviðtöl haldin minnst 2 á ári fyrir hvert barn

Haustfundur og foreldrasamtal til kynningar á námi og leik barna í Krikaskóla

Starfsmannasamtöl – árlega að lágmarki

Sjálfsmat teyma kennara tvisvar til fjórum sinnum á ári

Samráðsfundir kennara og barna eftir þörfum – með eða án skólastjórnenda

Úrvinnsla námsmats – vegna niðurstaðna úr mælingum skólans á námslegri stöðu eftir hverja mælingu með viðkomandi teymi – tvisvar á ári á kennarafundi með öllum faghópum

Endurmat sérkennsluþarfa og fyrirkomulag sérkennslu og stuðnings tvisvar á ári

Fjárhagsáætlun og ársfjórðungsuppgjör

Endurmat á samkomulagi Krikaskóla við grunnskólakennara vegna 200 daga skóla – þrisvar á ári

Mat á einstökum þáttum í innra starfi skólans

Áhættumat í samvinnu við Vinnueftirlit Ríkisins

Brunavarnir – mat unnið í samvinnu við Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu

## 2023-2024

Ytra mat á starfi grunnskóla og frístundar í Krikaskóla – lokaskýrsla til MMS

Foreldrakönnun Skólapúlsins leik- og grunnskólaforeldrar – mars 2024

Íslenska æskulýðsrannsóknin – Niðurstöður úr könnun í Krikaskóla– vorönn 2024

Íslenska æskulýðsrannsóknin – Lokaskýrsla með samanburði við landstölur – vorönn 2024

Viðhorfskönnun starfsmanna Mosfellsbæjar apríl 2024 - Maskína fyrir Mosfellsbæ

Stjórnendamat apríl 2024 – Maskína fyrir Mosfellsbæ

Endurskoðun matsáætlunar fyrir leik- og grunnskólastarf – áframhald frá fyrra ári – vorönn 2024

## 1. Kannanir Skólapúlsins


### Nemendakönnun grunnskóla – svarhlutfall var 97,2%

1. Ánægja af lestri - heildarniðurstaða skólans er mjög góð eða 5,1 (landið 4,8) marktækur munur er hjá skólanum upp á 0,3. Eini árgangurinn sem sýnir minni áhuga milli ára hjá okkur er 2. bekkur og er hann lægri hjá okkur en á landsvísu.
2. Ánægja með skólann - heildaránægja barna með skólann sinn er hærri en landsmeðaltalið eða 5,5 (landið 5,1). Minnst er ánægja með skólann er hjá 2. bekk en hefur aukist mjög hjá 3. og 4. bekk frá fyrri könnun.
3. Velliðan í skólanum - heildarniðurstaðan er 5,1 fyrir skólann (landið 5,1) og þar með á pari við landsmeðaltal. Þar er aftur munur milli 2. bekkjar og annarra árganga. Nokkur umræða átti sér stað um ástæður - orsök og afleiðingar.

### Íslenska æskulýðsrannsóknin – svarhlutfall var 100% hjá 23 nemendum í 4. bekk

Niðurstaða samkvæmt svörum barnanna í 4. bekk Krikaskóla eru birtar hér ásamt samanburði við aðra skóla í nágrenni höfuðborgarinnar og landið í heild. Þær niðurstöður bárust okkar eftir lok skólaársins og því mikilvægt er að rýna vel í þær niðurstöður í upphafi næsta skólaárs. Fyrri skýrslan sem rýnd var í skólanum var aðeins með svörum barna án samanburðar. Við ræddum niðurstöður hennar á kennarafundi en þá vantaði okkur samanburðinn.

## Lykiltölur



### Skoða nánar:

Líkar vel í skólanum Fær oftast hjálp með heimanám Þreytt í skólanum  
 Finnst mikilvægt að leggja sig fram í skólanum Oft truflandi hávaði í  
 kennslustofunni Finnst skólamatur góður

### Úrvinnsla

Fundað var um könnun Skólapúlsins og hún var skoðuð með öllum starfsmönnum á starfsmannafundum. Síðan var fundað sérstaklega með þeim sem málið varðaði og kafað dýpra í einstaka þætti. Teymin sem vinna í viðkomandi aldurshópi setja sér markmið fyrir næsta skólaár til að halda í góðan árangur og bæta þar sem þörf er á. Markmiðin munu koma fram í starfsáætlun næsta skólaárs - en ýmislegt er tekið fyrir strax og sett í forgang. Það tekur gjarnan stuttan tíma að bregðast við nýjum upplýsingum og vinna hratt í samhentum starfshópi Krikaskóla.

Nemendakönnun Skólapúlsins var einnig kynnt í Skólaráði Krikaskóla og farið yfir helstu niðurstöður með sitjandi fulltrúum.

Við höfum farið yfir Íslensku æskulýðsrannsóknina á kennarafundi í skólanum. Að sama skapi hafa niðurstöður verið rýndar sérstaklega með kennurum 4. bekkjar. Niðurstöður eru mjög áhugaverðar, börnin eiga gott samfélag í skólanum með sínum kennurum. Mikilvægt er að taka einnig slíkan umræðufund eftir að samanburðarskýrslan berst okkur.

## Áhersluatriðin sem við setjum inn í Starfsáætlun 2023-2024 eru:

1. Upplýsingagjöf til foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfinu þarf áfram að vera í forgangi. Samskiptaleiðum hefur fjölgað og fólk orðið vant rafrænum leiðum. Aðkoma foreldra færðist í eðlilegra horf á liðnu skólaári frá því að miklar skerðingar voru á þeirra þátttöku. Mikilvægt er að halda slíkri þróun áfram á skólaárinu 2023-2024 en með ólíkum áherslum.
2. Ný heimasíða er enn í hönnunarferli og verður hún sett í loftið um áramótin. Hún mun þjóna upplýsingagjöf og samskiptum með markvissari hætti en eldri síðan sem er orðin úrelt.
3. Samstarf og samvinnuverkefni innan og utan skólans þarf að halda áfram að efla. Þar eru samstarfsverkefni milli skólastiga og frístundar, þvert á skólann eða hluta hans.
4. Fræðsluerindi fyrir foreldrar og kynning á ýmsum þáttum þess. Forvarnaráætlun vegna samskipta hefur verið birt á heimasíðu og foreldrum sendar upplýsingar þar um. Að sama skapi má kynna Skólanámskrá og hugmyndafræði Jákvæðs aga fyrir foreldrum á skólaárinu.
5. Endurskoða þarf hlutverk og markmið nemendaverndarráðs í Krikaskóla í tengslum við innleiðingu á þrepaskiptum stuðningi samkvæmt farsældarlögunum. Samstarf við þróun mála með Skólaþjónustu og verkefnastjórn verkefnisins í Mosfellsbæ þarf að halda áfram.
6. Að sama skapi þarf að vinna að ferlum fyrir Forvarnarteymi gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni eftir því sem því verkefni vindur í grunnskólahluta skólans. Fræðsluerindi fyrir bæði skólastigin þarf að nýta og skrasetja samkvæmt markmiðum verkefnisins sem leitt er af opinberum aðilum.
7. Stytting vinnuvikunnar heldur áfram sem viðfangsefni fyrir allt starfsfólk. Vorið 2023 var samþykkt tillaga í bæjarráði Mosfellsbæjar um fyrirkomulag skólaárið 2023-24 í leikskólum bæjarins. Sú tillaga þarfnast nánari útfærslu sem vinna þarf að í samstarfi leikskóla Mosfellsbæjar.
8. Grunnskólakennarar sömdu um betri vinnutíma og tók það gildi á liðnu skólaári. Þar er um lágmarksstyttingu að ræða eða 65 mínútur á viku. Það á eftir að koma í ljós hvort og þá hverjar breytingar verða gerðar fyrir hönd grunnskólakennara.
9. Miklar breytingar hafa orðið á undirbúningstíma leikskólakennara og áfram þarf að vinna að því að skýra hvernig þeim verður náð með góðu móti. Nást þarf samkomulag um það hvað er tekið í viku hverri og hverju er safnað saman og tekið í heilum dögum s.s. í tengslum við foreldraviðtöl, upphaf og lok skólaársins eða tengt sérstökum verkefnum skólaársins.
10. Menntastefna Mosfellsbæjar sem kom út vorið 2022 þarf að festa í sessi og marka spor í Krikaskóla. Það er innleiðingarverkefni sem mun flæða í allt skólastarfið á þessu skólaári og því næsta. Þar þarf að endurskoða og samflétta við leikskóla, grunnskóla og frístundastarfið.
11. Mötuneyti skóla standa nú frammi fyrir fjölbreyttum áskorunum. Grænmetis- og vegan matseðill er í boði í skólanum til hliðar við hefðbundinn matseðil. Fjölgun hefur orðið á börnum sem þurfa sérúrræði og því er mikilvægt að endurskoða stefnu Mosfellsbæjar um skólamötuneyti. Þekkingu, aðstöðu og grundvöll þjónustunnar þarf að ræða og marka með því stefnu til framtíðar.
12. Sett verður áhersla á jákvæðan aga í skólastarfinu skólaárið 2023-2024. Samræmd verða markmið fyrir skólann í heild sinni þannig að allir verði að vinna í átt að sama takmarkinu.
13. Lögð verður áhersla á innleiðingu leiðsagnarmats og hvernig best verður að koma því við í grunnskólastarfinu. Mikilvægt er að tengja leikskólastarfið einnig inn í slíkar áherslur og gott að skólaárið verði nýtt til þess.
14. Innra mat skóla er í sífelldri þróun. Það er mikilvægt að skipuleggja innra matið og setja upp áætlun um innra mat grunn- og leikskóla, stofna matsteymi, setja matsviðmið og aðferðir eða leiðir sem fara skal.
15. Við ætlum einnig að verða duglegri í að hrósa hvert öðru!

## 2. Starfsmannakönnun Mosfellsbæjar - stjórnendamat

Mosfellsbær hefur staðið fyrir starfsmannakönnun meðal starfsfólks síðustu ár og innan hennar eru nokkrar spurningar sem nýttar hafa verið sem stjórnendamat hjá sveitarfélaginu.

### Niðurstöður starfsmannakönnunar vorið 2023

Svarhlutfall var 98% hjá Krikaskóla. Helstu niðurstöður eru mjög góðar.

Tæp 90% starfsmanna eru mjög eða fremur ánægð í sínu starfi. 87% telja sig vinna vel eða fremur vel að vinna eftir gildunum jákvæðni, virðing, umhyggja og framsækni. 87% telja sig fá fullnægjandi upplýsingar til að sinna starfi sínu. Almenn notkun er á Workplace sem upplýsingaveitu í Krikaskóla.

89% telur starfsanda mjög góðan eða fremur góðan. 76% hefur hrósað samstarfsfólki á síðustu vikum. 84% gengur vel að forgangsraða verkefnum og 86% segist ráða mjög vel eða fremur vel við álag í starfi sínu. Mikill meirihluti starfsfólks eða 85% fóru í skipulagt samtal með stjórnenda sínum. Nokkuð stór hópur telur sig enn ekki hafa leitast við að læra og þróast í starfi með námskeiðum eða endurmenntun. Er það uppávið frá liðnu skólaári en þarfnast engu að síður athugunar við.

93% telja að öll kyn hafi jöfn tækifæri í Krikaskóla en 2% telja að karlar hafi fleiri tækifæri og . 94% að konur hafi fleiri tækifæri.

Eineltis- og áreitni spurningar könnunarinnar koma misjafnlega út milli ára og þar eru sveiflur sem erfitt getur verið að festa hönd á. 98% sögðust aldrei hafa orðið fyrir einelti en 2,0% sjaldan en eineltið var ekki tilkynnt skv. könnuninni. 98% töldu sig aldrei hafa orðið fyrir áreitni en 2,0% sjaldan. Samkvæmt svörun var áreitið tilkynnt. Varðandi úrvinnslu mála er erfitt að vinna að málum sem ekki eru tilkynnt eða upplýst nema með þessum hætti.

Niðurstöður voru teknar til umræðu á starfsmannafundi í maí. Starfshópurinn í Krikaskóla gladdist yfir mjög góðri niðurstöðu þegar á heildina er litið. Að sama skapi þarf enn og aftur að minna fólk á ábyrgð sína þegar kemur að því að setja mál í réttan farveg þannig að hægt sé að vinna með mál þeirra sem ekki líður vel af einhverjum orsökum.

### Stjórnendamat vor 2023

Skólastjóri fékk einn stjórnendamat að þessu sinni. Það mat byggði á svörum 45 starfsmanna skólans og kom vel út. Skólastjóri er auðmjúk yfir niðurstöðu og þakklát fyrir samstarfsfólkið sitt.


Einn þátt mun skólastjóri taka til endurskoðunar að þessu sinni en það er gefa hverjum og einum betur til kynna hvernig viðkomandi stendur sig í starfi. Ljóst er að starfsfólk kallar eftir meiri endurgjöf á störf sín en færri hefur verið á að veita. Leita þarf leiða til að mæta þeirri þörf þó það verði ekki í höndum skólastjóra nema að litlu leiti sökum áherslna um dreifða forystu í skólanum.

### 3. Námsmat – samræmd próf - lesfimi - Hljóm-2 athugun

#### Niðurstöður samræmdra prófa í Krikaskóla 2023:

Samræmt próf var ekki haldið í skólum landsins þetta skólaár. Settur hefur verið vinnuhópur með aðkomu fjölmargra aðila til að endurskoða fyrirkomulagið fyrir landið í heild. Skólastjóri hefur lagt sig fram um að taka þátt í þeim fundum sem boðað hefur verið til um málefnið af skólayfirvöldum.

#### Lesfimi maí 2023:



1. bekkur – 18,52% yfir viðmiði 3, 18,52% milli viðmiða 2 og 3, 59,26% milli viðmiða 1 og 2, 3,7% undir viðmiði 1
2. bekkur – 31,58% yfir viðmiði 3, 0% milli viðmiða 2 og 3, 52,63% milli viðmiða 1 og 2, 15,79% undir viðmiði 1
3. bekkur – 29,63% yfir viðmiði 3, 7,41% milli viðmiða 2 og 3, 44,44% milli viðmiða 1 og 2, 18,52% undir viðmiði 1
4. bekkur – 39,13% yfir viðmiði 3, 13,04% milli viðmiða 2 og 3, 21,74% milli viðmiða 1 og 2, 26,19% undir viðmiði 1

Í 4. bekk fóru 8 börn af 23 í Logos hjá lestrarfræðingi - 6 fengu lesblindugreiningu – 2 aðra sértæka örðugleika.

Viðmið MMS (að vori) – 25% yfir viðmiði 3, 25% milli viðmiða 2 og 3, 40% milli viðmiða 1 og 2, 10% undir viðmiði 1



Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum  
Krikaskóli, maí 2023



Hljóm-2 niðurstöður Krikaskóla 2022-2023:

Rím	Samskiptur	Samsett orð	Hljóðgreining	Margrað orð	Orðhlutaeyðing	Hljóðtenging	Samtala 1	Samtala 2	Aldursþrep	Athugasemd
7	6	10	6	6	9	4	48	3		
12	8	10	15	7	10	4	66	2		
12	7	9	0	7	9	5	49	3		Mjög slök færni
10	8	10	6	7	8	5	54	2		Slök færni
										Meðalfærni
11	8	10	12	8	10	4	63	2		Góð færni
4	7	0	3	6	0	0	20	1		
9	8	10	9	8	7	0		51	2	
7	6	9	0	8	1	4	35	2		
9	6	10	6	7	1	2	41	3		
10	8	10	0	8	6	3	45	1		
12	7	10	6	8	10	2	55	1		
11	8	10	15	7	10	4	65	2		
12	8	10	15	8	10	8	71	1		
12	7	10	15	8	10	8	70	1		
12	8	10	12	8	10	8	68	3		
12	8	10	15	8	10	8	71	1		
12	8	10	12	8	10	3	63	2		
12	8	10	15	8	10	8	71	3		
12	7	10	9	8	10	6	62	1		
11	8	10	9	3	5	3	30	1		
6	8	10	9	7	8	8	56	2		
9	8	8	6	8	6	2	47	3		
9	8	9	6	5	7	3	47	2		
12	8	10	3	7	10	1	51	2		
12	6	10	3	6	10	3	50	1		

Árgangur 2017 tók Hljóm-2 athuginina að þessu sinni. 25 börn tóku þátt en árgangurinn telur 26. Eitt barn tók ekki þátt og ekki var talin ástæða til. Góða færni sýndu 15 börn eða 60% og meðalfærni 9 börn eða 36% barnanna. Tvö barnanna þurfa aukinn áframhaldandi stuðning.

## Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á hverju skólaári að lágmarki fyrir foreldra allra barna í skólanum. Fyrri viðtölin eru í október og nóvember. Þar er lögð sérstök áhersla á líðan barnanna og eldri börnin sitja með foreldrum sínum í viðtölunum. Í samantekt foreldraviðtala haustannar með kennurum, deildarstjórum, verkefnastjóra grunnskóla og aðstoðarskólastjóra kom fram almenn ánægja foreldra með skólastarfið. Ábendingar foreldra til kennara og starfsmanna skólans voru vel þagnar og nýttar beint inn í skólastarfið.

Á vorönn 2023 var viðtalið að öllu jöfnu á staðnum en foreldrum boðið að velja um rafrænar leiðir. Hópurinn skiptist til helminga í vali sínu og eins voru þó nokkur viðtöl þar sem annað foreldrið kom á staðinn og hitt var í rafrænum samskiptum. Þátttaka foreldra var því vel tryggð og fleiri sem höfðu tækifæri til að nýta sér samtalið. Áherslan í viðtalinu var á nám og þroska barnanna. Kennarar hittu foreldra án barna í öllum árgöngum grunnskólans og fóru yfir námslega stöðu. Farið var yfir öll foreldraviðtöl með umsjónarkennurum, þroskaþjálfum, verkefnastjóra frístundar og skólastjórnendum.

Almenn ánægja foreldra er efst á blaði. Árangur barnanna góður og margir sigrar unnir. Góð mæting var í foreldraviðtölin og þátttaka í flestum árgöngum 100%. Það er ljóst að rafræn foreldraviðtöl eru komin til að vera í einhverri mynd. Fleiri foreldrum gefst þannig kostur á að nýta sér tækifærið og í mjög mörgum tilfellum gátu báðir foreldrar tekið þátt.

Verkefnastjóri frístundar bauð upp á foreldraviðtöl fyrir þá foreldra sem vildu. Meiri þátttaka í ár en fyrra árið sem þessi viðtöl voru í boði. Gott fyrir foreldra að fá tækifæri til að eiga í beinum samskiptum við frístundahópinn. Þar með opnast beinn vettvangur varðandi útiveru og frístundastarfið almennt. Mikil ánægja var með þessa viðbót og við fundum að það létti á því að foreldraviðtöl umsjónarkennara snérust um málefni frístundar.

Foreldraviðtöl við foreldra leikskólabarna voru með valkvæðum hætti einnig og tókust þau almennt mjög vel. Mikil þátttaka var en foreldrar skiptust nokkuð í vali sínu ýmist með rafrænum hætti eða komu í skólann. Ljóst var að almenn ánægja er með leikskólastarfið og foreldrar tjá sig um mikla fagmennsku í námi leikskólabarna í Krikaskóla. Samgangur og samskipti milli foreldra leikskólabarna og starfsmanna skólans eru gríðarlega mikilvæg sérstaklega þegar komið er að yngstu börnunum. Ljóst er einnig að mikil fjölbreytni og flæðið sem er í leikskólastarfinu ásamt þeim aðstæðum sem skólinn býr við, bæði húsnaðislega og af frábærum kennurum skólans skapar honum mikil gæði.

## 4. Haustfundur og kynning á skólastarfi

Haustkynningar voru haldnar 1. september 2022 með kvöldfundi frá kl. 20:00-21:30. Mismikil þátttaka var í árgöngum alveg frá því að vera 100% þátttaka í nokkra einstaklinga.

Farið var yfir skipulag, stundaskrár, námsmarkmið og leiðir.

Ragnheiður Axelsdóttir kom og kynnti Skólaþjónustu Mosfellsbæjar og Elín Þórunn Stefánsdóttir skólahjúkrunarfræðingur kynnti sína aðkomu. Báðar kynntu þær leiðir sem foreldrar geta farið til að koma á tengslum og fá ráðgjöf og stuðning fyrir börnin sín.

Frístundastarfið var kynnt sérstaklega fyrir foreldrum barna í 1. bekk og Eva Rut Helgadóttir verkefnastjóri frístundar ásamt Ara Páli Olsen kynntu fyrirkomulag og áætlanir vetrar.

## 5. Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl voru svokallað snerpusamtal sem skipt var í þrjár lotur. Skólastjóri fékk að nota skipulag frá Brekkubæjarskóla til að prufukeyra í Krikaskóla fyrir skólaárið 2020-2021. Samtölin voru aðlöguð að skólasamfélaginu í Krikaskóla á skólaárinu 2021-2022 og endurtekin á þessu skólaári.

Hver starfsmaður er boðaður til viðtalsins með tölvupósti sem og skilaboðum á Workplace. Þau ættu því ekki að fara fram hjá neinum. Allir fengu að lágmarki tvö samtöl og þó nokkrir mun fleiri en þrjú samtöl á þessu skólaári.

Fyrsta samtöl (15-20 mín) sem fram átti að fara í ágúst/september var ekki hægt að hefja fyrr en í september og stóðu þau fram í miðjan október. Þar var fjallað um persónulega þróun og framtíðarsýn. Umræðan snerist um skólaárið framundan og þær áherslur sem hver og einn hygðist leggja.

Annar áfangi (15-20 mín) sem áætlaður var í desember frestaðist sömu leiðis fram í febrúar og stóð yfir fram í mars. Þar var rætt um árangur og líðan ásamt stjórnun og liðsheild. Starfsfólk ræddi þörf fyrir breytingar eða aðlögun að einhverju tagi.

Þriðji og síðasti áfangi (20-30 mín) sem fara átti fram í apríl/maí náðist ekki. Skólastjóri brá á það ráð að ræða málin í hópum á kennara og starfsmannafundum. Farið var yfir skólaárið og hvernig upplifun starfsfólks var af skólaárinu. Lögð voru nokkur drög að næsta skólaári með þessum hópum út frá framtíðaráformum og markmiðum. Deildarstjórar og umsjónarkennarar skiluðu inn mati síns teymis á nokkrum þáttum í endurmati skólaársins.

## Áfangi 1

### Persónuleg þróun og framtíðarsýn

**Áherslur á:** Styrkleika, eðli verkefna, þörf fyrir þjálfun/símenntun, persónuleg markmið fyrir komandi mánuði

## Áfangi 2

### Árangur og líðan – Stjórnun og liðsheild

**Áherslur á:** Þörf fyrir breytingar, hvernig getum við gert betur ? (stofnun, teymi, stjórnandi, starfsmaður).

## Áfangi 3

### Starfshættir, samskipti, samvinna og starfsandi

**Áherslur á:** Stjórnun, samskipti, samvinnu og starfsanda.

Frammistöðu, horfa fram á veginn, starfsánægju, helgun og hvatningu.

Almenn ánægja var með breytt fyrirkomulag starfsmannasamtala þetta skólaár. Skólastjóri tók öll samtölin yfir skólaárið. Þetta er umfangsmikið en skemmtilegt verkefni.

Við munum halda áfram að þróa þetta fyrirkomulag með þessum hætti. Mikilvægt er að halda áfram að þróa þessi samtöl og finna bestu leiðina fyrir skólastarfið í Krikaskóla.

## 6. Sjálfsmat teyma

Hvert teymi sem starfar innan skólans vinnur mat á starfi vetrar og fara yfir það með verkefnastjóra grunnskóla, aðstoðarskólastjóra og/eða skólastjóra.

Þetta mat var síðan dregið saman í SVÓT - greiningu fyrir hvort skólastigið fyrir sig og áætlað var að funda með viðkomandi deildarstjórum og umsjónarkennurum. Eins var óskað eftir mati frá þeim sem stýra ákveðnum verkefnum innan skólans s.s. eldhúsi, sérkennslumálum og útikennslu. Ekki náðist í lok skólaársins vegna annarra brýnna verkefna að ljúka þessum fundum.

### **Leikskóli:**

Styrkleikar samkvæmt matinu liggja í starfshópnum með sama hætti og á síðasta skólaári. Mjög litlar breytingar hafa orðið á undanfarandi árum í starfshópnum og fólk þekkist orðið mjög vel. Það traust sem myndast á milli starfsfólks og foreldra yfir skólaárið er einn af styrkleikum foreldrasamstarfsins. Það byggist á daglegum samskiptum, fyrirspurnum, upplýsingum, ákvörðunum og reynslu beggja. Við erum sammála um að býsna vel hafi tekist til.

Faglegt samtal og skipulögð samstarfsverkefni voru að færast í eðlilegt horf eftir nokkur ár þar sem miklar hömlur voru á slíku. Að sama skapi komu nýir aðilar til samstarfs með aðkomu tónlistarkennslu fyrir 4ra ára börnin en samningur var gerður við Listaskólann.

Veikleikar geta legið í því vinnulagi innan skólans að færa árganga til í húsi á hverju ári. Því þurfa sérstaklega foreldrar að kynnst nýju starfsfólki en börnin þekkja sig sjálf vel. Það er einnig veruleiki að foreldrar tengja stundum við ákveðna kennara og leita áfram til þeirra þó breyting hafi orðið hjá barninu. Slíkt getur verið bæði veikleiki og styrkleiki þegar fjölmeningin og tungumál spila þar inn í.

Stytting vinnuviku starfsfólks getur orðið til þess að ógna innra starfi skólans. Tími kennara með börnum er að minnka, bæði með fjölgun undirbúningstíma og styttingu vinnuvikunnar. Stytting vinnuvikunnar/betri vinnutími hefur gríðarleg áhrif á innra starf skólans og í raun koma áhrifin helst fram í því að félagslegt samfélag innan skólans hverfur ásamt því að faglega starfið dregst saman.

Tækifæri í starfinu eru fjölmörg og mikilvægt að þau séu nýtt og skoðuð. Við getum áfram endurskipulagt starfsemi í matsalnum og fundið leiðir til að gera þær stundir notalegar fyrir alla. Þróun í tæknimálum og tækniframfarir þarf að nýta áfram s.s. í samskiptum við foreldra. Efla þarf samstarfsverkefni innan skólans. Endurskoða þarf útsvæðið og þann leik og tækifæri sem við erum að bjóða upp á þar.

### **Grunnskóli:**

Styrkleikar eru taldir liggja í teyminum í skólastarfinu. Mikil þverfagleg samvinna milli fólks með ólíka menntun og bakgrunn sem gerir alla hæfari í sínu starfi. Innleiðing á nýjum tæknilausnum bæði í samskiptum og námi barnanna hefur mikil áhrif og hefur skilað okkur markvissara starfi.

Fjölbreytni í samskiptum við foreldra hefur einnig aukist með tilkomu rafrænna lausna sem skapa skemmtilega vídd og bjóða upp á fjölbreyttari valkosti.

Ekki náðist að klára kynningar- og umræðufundi um forvarnaráætlun gegn einelti með foreldrum en henni er lokið og hefur verið birt á heimasíðu skólans.

Veikleiki liggur í hversu hópurinn er lítill, bæði kennara og barna, það munar því verulega um hvern og einn. Einn einstaklingur getur því haft mikil áhrif í skólastarfinu bæði til góðs og illis.

Ógnanir taldi starfshópurinn tengjast mannabreytingum á skólaárinu. Bæði teymin tókust á við slíkar breytingar með ólíkum hætti þó. Þegar unnið er í teyminum getur það falið í sér að teymið þurfi stuðning til að nálgast verkefni sín vegna mannabreytingar. Það er einnig ógn að erfitt getur verið að skipuleggja starfið með hliðsjón af heilbrigðiskerfinu okkar. Fólk þarf stundum að bíða mjög lengi eftir úrlausnum þar og erfitt að manna slík forföll. Það getur komið til að hluta úr ári séu teymi ýmist yfirmönnuð eða undirmönnuð og það hefur mikil áhrif.

Tækifæri taldi hópurinn vera fjölmörg. Sérstaklega þarf að huga að skipulagi og skiptingu í hópa á næsta skólaári. Það er ekki grunnur að vinnu skólans að vinna út frá umsjónarhópum. Það þarf að skipuleggja og skipta verkefnum milli kennara með öðrum hætti en að allir séu með jafnt. Stundum

er það ekki besta nálgunin við barnahópinn. Skipulagið þarf að taka mið af verkefninu til að jafna álag og ná fram bestu mögulegu stöðu hjá hverju einstöku barni.

#### **Frístund:**

Endurmat það sem fara átti fram haustið 2021 í samvinnu og samstarfi við önnur frístundaheimili í Mosfellsbæ frestaðist vegna heimsfaraldurs. Gæðaviðmið og staðlar fyrir Mosfellsbæ liggja því ekki fyrir en stefnt er að áframhaldandi vinnu þegar um hægist. Þetta hefur ekki orðið raunin enn sem komið er. Stefnumótun í tengslum við Menntastefnu Mosfellsbæjar þarf að eiga sér stað í öllum frístundaúrræðum sem í boði eru í Mosfellsbæ.

Mikið öryggi í að starfshópurinn hefur unnið lengi saman. Fundatímar voru festir í sessi á skólaárinu fyrir frístundastarfið og samráðsfundir með stjórnendum skipulagðir eftir áramót tvisvar í mánuði. Skipulagið á hópunum hefur gengið vel. Þar er skipti í tvo hópa strax frá kl. 14:00 annar sem er á leið úr húsi vegna íþróttá-eða tónlistariðkunar og hinn sem er áfram í faglegu innra starfi frístundar. Stytting vinnuviku hefur verið með sama hætti og í leikskólastarfinu og hefur tekist ágætlega. Allt samstarf við kennarahópa gengur vel og hefur aukist til muna eftir breytt fyrirkomulag á forföllum.

Verkefnastjóri frístundar á að koma að allri vinnu tengdri farsældarhringnum og nemendaverndarráði eftir þörfum. Mikilvægt er að halda áfram að tryggja flæði upplýsinga og aðkomu frístundar að öllu starfi skólans. Útivera sem hefur á köflum verið okkur flókin í framkvæmd hefur gengið mjög vel eftir að hópnum var skipt í tvennt. Nú eru tveir árgangar úti í einu og hinir tveir í mat. Slík ráðstöfun hefur fækkað börnum og meiri ró næst í aðstæðurnar.

Vala var tekin í notkun og verkefnastjóri frístundar sér um skráningar og innheimtu þar af lútandi. Valan dekkar núna vistunaróskir í síðdegisfrístund, hádegisverð og ávaxtabita. Enn hefur morgunfrístund, morgunverður og síðdegishressing ekki komist í Völuna. Hins vegar var þróuð leið fyrir sumarfrístund sem er valkvæð fyrir foreldra eftir að skóla lýkur að vori og áður en skóli hefst að hausti.

#### **Skrifstofa og stjórnun:**

Stytting vinnuvikunnar og skipulag tengt starfsfólki hefur snaraukist.

Forföll höfðu þau áhrif í nokkur skipti að skerða þurft þjónustu við foreldra með því að loka ákveðnum einingum skólans fyrr en áætlað var. Sú ráðstöfun hefur verið algengari þetta skólaár en öll árin samanlagt áður.

Miklar kröfur starfsfólks um skjóta útlausn mála er einnig eitthvað sem halda þarf áfram að ræða í starfshópnum. Oft eru gerðar kröfur um tafarlaus svör sem liggja ekki endilega fyrir. Þar þurfa allir að bæta sig í samskiptum.

Skólastjóri upplýsti að hún hefði sagt starfi sínu lausu í febrúar og hafði það nokkur áhrif á síðari hluta skólaársins. Nýr skólastjóri kom svo til starfa 1. júní 2023 og var síðasta mánuð skólaársins með fyrrum skólastjóra. Það er mikilvægt að þessi breyting gangi eins vel fyrir sig og mögulegt er.

Endurskoðun og viðgerð á vinnuaðstöðu í móttöku skólans var loks náð á þessu skólaári. Skólastjóri leitaði á endanum til einkaaðila til að ljúka þeim málum sem setið hafa á hakanum í nokkur ár hjá sveitarfélaginu.

Vel gekk með verkaskiptingu milli einstaklinga og hún hefur náð ákveðnu jafnvægi. Mikilvægt er að halda áfram þeirri þróun.

## Eldhús:

Ákveðið var að halda því skipulagi sem komið var á vegna sóttvarna í matsal og skipta hópum í hádeginu í þrennt. Í fyrsta hóp var 1. og 2. bekkur, næsti hópur var leikskólahópurinn og að lokum kom 3. og 4. bekkurinn. Við jukum aðeins mönnun í hádeginu til þess að þetta gangi upp en allir eru sammála því að meiri ró ríki yfir hádegisverðinum en áður var.

Fjölbreytni var aukin við val þegar grænmetis- og vegan matseðlum var bætt við þennan hefðbundna. Það eru mjög fá börn hjá okkur sem foreldrar velja þennan kost fyrir. Það jók á flækjustigið í matseld.

Óskir um sérfæði vegna ofnæmi og óþols barna fjölgar ár frá ári. Nú þegar er komið til móts við mjög fjölbreyttar þarfir vegna ofnæmis eða óþols barna varðandi ákveðin matvæli. Mest er um óþol en minna um staðfest ofnæmi eða bráðaofnæmi fyrir ákveðnum fæðutegundum. Við höfum einnig komið til móts við óskir foreldra tímabundið meðan verið er að halda börnum frá ákveðnum matartegundum vegna gruns um óþol eða ofnæmi.

Í lok skólaársins 2021-22 voru settar fram verklagsreglur innan skólans þegar fram koma óskir foreldra um aðlögun máltíða fyrir barn/börn sín. Nú fara allar slíkar óskir í gegnum skólastjórnendur. Eins verður kannað á hverju hausti hvernig staða mála er hjá hverju og einu barni sem skilað var inn vottorði fyrir skólaárið áður. Mjög mikill auka kostnaður og vinna fylgir hverri slíkri ósk, en í sama barnahópi geta verið börn með ofnæmi og óþol sem alls ekki fara saman. Gæta þarf að krosssmiti og fleiri þáttum sem getur verið gríðarlega flókið bæði í innkaupum og framkvæmd.

Áfram verður fiskmáltíð á mánudögum og miðvikudögum. Kjötmáltíð á þriðjudögum og fimmtudögum. Föstudagarnir verða þá með léttu máltíð, súpur og/eða grænkera fæði.

Í framhaldi af þessu mati teyma hvers árgangs fyrir sig voru teknar eftirfarandi ákvarðanir við skipulagningu skólastarfsins 2023-2024.

- Mikil ánægja er með tveggja deildarstjóra kerfið í leikskólanum og allir deildarstjórar vilja halda í það. Það verður því þróað áfram. Faglegt starf í leikskólanum hafi fengið aukið vægi og önnur dagleg verkefni séu einnig í góðum höndum.
- Ákveðið að gera eins litlar breytingar á teymlum og mögulegt er en líklegt er þó að öll teymi skólans taki breytingum.
- Haldið verður áfram að þróa starf með 5, 6 og 7 ára börnunum. Vægi leiksins verður aukið enn frekar og áherslan á samfellu í námi og leik.
- Aukin áhersla verður sett í fjölbreyttar kennsluaðferðir og leiðir hjá öllum árgöngum. Áfram verður unnið með tæknimennt og leitað fjölbreyttra leiða í starfi með börnunum.
- Smiðjum verður haldið í því formi sem þær eru núna enda hafa þær gefist vel. Þróun þeirra hefur gefið nýja vídd í list- og verkgreinakennsluna. Hönnunarsmiðju (smíði, textíll), listasmiðju (myndlist, kvikmyndagerð og fl.), lífstíll og heilsa (heimilisfræði, hreyfing, útivist, snjalltækjanotkun), leikur (kubbar, útivist, tæknimál) og sköpun og hreyfing (tónlist, leiklist, dans og fl.). Allar smiðjur eftir hádegi frá kl. 12:30-14:00 frá mánudegi til fimmtudags.
- Breytingar verða gerðar í matsal og skiptingu árganga í hádegisverði. Að sama skapi er áætlað að gera breytingar á morgunverði til að koma í veg fyrir mikinn fjölda á sama stað á sama tíma.
- Stytting vinnuviku – Betri vinnutími hefur verið viðfangsefni og á vordögum var samþykkt bæði í fræðslunefnd og bæjarráði breyting sem tekur gildi næsta skólaár. Þar verða settir inn 10 skráningardagar ásamt skertri starfsemi skólans eftir kl. 14:00 á föstudögum.

Þannig mun gefast tækifæri til að taka styttingu út með uppsöfnun tíma og vikulega hvern föstudag. Skólinn verður þó opinn með lágmarks starfsemi.

- Þróun á hlutverki frístundar í almennu grunnskólastarfi. Veturinn 2022-23 voru tveir faglegir leiðtogar í frístundastarfi Krikaskóla. Þeir komu báðir að forfallakennslu í grunnskólastarfi og frístundasmiðju sem hluti af list- og verkgreinakennslu fyrir alla aldurshópa. Það var vinsælasta smiðja skólans skv. Skólalæpingi 4. bekkjar. Endurskoðun á hlutverkinu þarf að eiga sér stað á nýju skólaári og betri afmörkun verkefna.

## 7. Samráðsfundir barna og kennara – barnafundir

Í eldri árgöngum Krikaskóla hafa barnafundir verið haldnir en þar eru tekin fyrir ýmis málefni sem brýnt er að fjalla um hverju sinni. Fundirnir eru haldnir frá 4ra ára og verða flóknari að gerð eftir því sem börnin eldast. Mál eru sett á dagskrá og rædd með það fyrir augum að leita lausna í samvinnu allra. Mörg álitamál koma upp og allir eiga möguleika á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Reglulega hefur skólinn fengið fræðsluerindi – bæði frá starfsmönnum skólans og utanaðkomandi til að rifja upp með öllum starfsmönnum áhersluatriðin og helstu leiðir. Kennarar bæði úr leik- og grunnskólahluta skólans hafa einnig sótt sér námskeið í Jákvæðum aga – bæði innanlands sem og erlendis.

## 8. Endurmat sérkennsluþarfa og áætlanir um aðkomu sérfræðiþjónustu

Árlega fer fram mat á stöðu einstaklingsmála í skólanum með aðkomu skólastjórnenda, skólafulltrúa, skólasálfræðings og verkefnastjóra sérkennslu. Haldnir hafa verið matsfundir tvisvar á skólaárinu þar sem farið er yfir hvert mál einstaklinga. Þörf er metin á utanaðkomandi þjónustu – stöðu greininga – einstaklingsnámskrár yfirfarnar og hvort hægt sé að loka einhverjum málum.

Skólaþjónusta kallar eftir skýrslum um stöðu mála innan skólans og verkefnastjóri sérkennslu sér um skil á þeim. Skýrslur eru fyrir jöfnunarsjóð sveitarfélaga, stöðu tvítyngdra og erlendra barna og almenn skýrsla um sérkennslumál skólans.

Ljóst er að mjög flókinn barnahópur er í Krikaskóla. Börn með fjölbreyttar greiningar sem mæta þarf í skólastarfi. Við höfum á að skipa mjög hæfu fólki sem heldur utanum og leiðir starfið sem hefur skilað okkur mjög góðum árangri. Ljóst er að næsta skólaár verður aðeins breyting á samsetningu en áfram verður u.þ.b. 25% barna á grunnskólaaldri með töluverðar einstaklingsþarfar – og á leikskólaaldri er greiningum að fjölga.

Áherslan hefur verið á að verkefnastjóri sérkennslu sjái um skráningar, fundi og samskipti við sérfræðinga utan skólans. Þroskaþjálfar/sérkennarar í grunnskólastarfinu halda utanum sín mál og eru sjálfstæðir í sínum störfum í samvinnu við grunnskólakennara.

Allir kennarar skólans sinna sérkennsluþörfum og hluti af tíma þeirra skilgreindur til þeirra starfa.

## 9. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun skólans er unnin á haustönn af skólastjóra, sem leggur hana fram til framkvæmdastjóra fræðsluviðs. Hún er endurskoðuð af skólastjóra og framkvæmdastjóra sviðsins sem leggur hana svo fram.

Haldnir eru fjármálafundir eftir hvern ársfjórðung til að meta stöðu mála. Kallað er eftir skýringum á einstökum liðum í rekstri skólans og skólastjóri leggur fram skýringar um breytingar ef einhverjar eru.



Fjárhagsáætlun ársins 2022 stóðst vel í Krikaskóla. Frávik frá áætlun námu 1,2 % þegar litið var á heildarrekstur skólans.

Það sem af er fjárhagsárinu 2023 er skólinn að standast þá áætlun sem gerð hafði verið. Frávik munu skapast vegna uppgjörs við þá sem eru að hætta störfum við skólann.

## 10. Skólalæping

Skólalæping var haldið 23. maí 2023 með börnum í 4. bekk. Þrjú þemu voru í umræðunni: Hvað er best við Krikaskóla? Hverju má breyta? Hvað má alls ekki breytast? Börnin í 4. bekk geta þá rætt við okkur um framtíðina og upplifun af skólaárunum í Krikaskóla áður en þau hverfa á braut. Við höfum haldið slík skólalæping á hverju ári nú í 9 ár – ýmist eingöngu með börnum úr elstu árgöngum skólans en stundum með fjölbreyttari aldurshópi.

Börnin eiga mikinn þátt í Krikaskóla, skólabrag og menningu og við viljum halda áfram að vinna á lýðræðislegum nótum til að efla starf Krikaskóla.

Helstu niðurstöður af skólalæpingi er hversu ánægð þau eru með skólann sinn. Þau lýsa yfir mjög góðri tilfinningu fyrir námi og leik, aðstæðum og skipulagi. Það kemur fram hjá þeim að þau vilja gjarnan vera áfram í Krikaskóla – og að aðalatriðið í skólastarfinu séu kennararnir og annað starfsfólk skólans. Við fáum gjarnan mikil gullkorn og heilræði í tengslum við þeirra sjónarmið.

Í ár komu fram ný þemu sem ekki hafa verið svona skýr áður. Þar kom sérstaklega fram hversu ánægð þau eru með íþrótt- og sundkennsluna. Þau ræddu ítarlega mikilvægi sameiginlegra þemadaga í skólanum og nefndu sérstaklega dag stærðfræðinnar og öskudaginn. Að sama skapi kom skýrt fram hversu ánægð þau eru með sameiginlega söngstund á föstudögum. Við úrvinnslu vakti þetta nokkuð mikla athygli skólastjóra og umhugsun. Að lokum rann upp ljós, þessi börn hafa farið í gegnum grunnskólagöngu sína fram að þessu skólaári í ýmsum takmörkunum. Þau eru því að segja okkur hvað þeim finnst mikilvægt og þau misstu vegna sóttvarna. Engin námsgrein féll jafn mikið niður eins og hefðbundin íþrótt- og sundkennsla. Að sama skapi var ekki hægt að halda úti því mikla samstarfi sem liggur á milli aldurshópa öllu jöfnu.

Mörg þeirra lýstu ánægju sinni með þemadaga. Eitt þeirra sagði: **„Ég er mjög stolt af því í 4. bekk að vera leiðtogi og geta hjálpað öllum litlu. Annars var líka gaman þegar ég var yngri að taka þátt og leysa verkefni með öðrum“**

## 11. Ýmis verkefni

### Vettvangsnám kennaranema – innlent og erlent

Á hverju skólaári koma nemar til okkar í Krikaskóla frá íslensku háskólunum. Þeir eru að mennta sig í leik- og grunnskólafræði en einnig hafa komið til okkar þroskaþjálfanemar. Nemar hafa komið frá Háskólanum á Akureyri og einnig Háskóla Íslands, Menntavísindasviði. Fyrirkomulag og tímalengd vettvangsnáms er mjög breytilegt, bæði eftir því hvar nemar eru staddir í sínu námi en ekki síður frá hvaða skóla þeir koma.

Fimm kennaranemar komu til okkar á skólaárinu. Enn var á lokaári í mastersnámi í leikskólafræði, tveir á ljúka B.ed. í leikskólakennslu og tveir í grunnnámi til grunnskólakennara.

## **Framkvæmdir innan og utandyra**

Skólaárið hófst á framkvæmdum við sílanhúðun norðurhliðar ásamt endurnýjun plötuskila. Eftirfylgni vegna stóru framkvæmdarinnar frá skólaárinu 2021-2022 er enn í gangi. Ólukið er nokkrum þáttum verksins, þ.e. frágangi við innganga skólans að norðanverðu, bæði hurðar og gólfefni. Ennþá er verið að mæla rakastig í hreyfirými og gólfefni er ófrágengið, laust frá gólfi til að hægt sé að rúlla því upp.

## **UM HVERFIÐ**

Verkefnið UM HVERFIÐ fékk styrk úr Klörusjóði fyrir skólaárið 2022-2023. Ágústa Óladóttir aðstoðarskólastjóri leiddi verkefnið í Krikaskóla en það náði til allra árganga skólans. Verkefnið fjallar um alla þá þætti sem móta umhverfi okkar, fjölmenningu, nánasta umhverfið eða hverfi hvers barns. Í verkefninu fjöllum við um Mosfellsbæ eða hlýnun jarðar alveg eftir áhuga og aldri þeirra barna sem um ræðir hverju sinni.

Eitt af markmiðum verkefnisins var að það væri nokkuð frjáls aðkoma og þróun hjá hverjum aldurshópi fyrir sig.

Lokaskýrslu vegna verkefnisins ásamt myndum verður birt á heimasíðu skólans og kynnt fyrir Fræðslunefnd í haust.

## **Greining á vanda leikskóla**

Á liðnum árum hefur verið fjallað um vanda leikskólastigsins, bæði innan faghópa og eins í fjölmiðlum. Ljóst er að þær áskoranir sem um ræðir eru ekki að hverfa og framundan þarf því að fara fram ítarlegt samtal og greining á þeim þáttum sem um ræðir.

Skólaárið 2022-2023 var vaxandi þungi í þeirri umræðu. Faghópurinn í leikskólum Mosfellsbæjar lýsti vaxandi áhyggjum sínum og óskað var eftir af framkvæmdarstjóra fræðslu- og frístundasviðs að skólastjóri Krikaskóla tæki að sér að koma með samantekt á málum til fræðslunefndar. Það var gert í samvinnu allra leikskólastjórna í Mosfellsbæ. Stiklað var á helstu áskorunum og nefndar voru nokkrar lausnir sem hægt væri að grípa til.

Niðurstaða varð sú að bæjaryfirvöld tóku vel í tillögurnar og gerðu strax nokkrar breytingar. Dæmi um þær voru að fella niður leikskólagjöld er foreldrar tóku börn sín í leyfi milli jóla- og nýárs og í vikunni fyrir páska. Þannig var hægt að mæta fjölgun orlofsdaga starfsfólks. Breyting var einnig gerð á gjaldskrá fyrir vistunartíma umfram 8 klst. daglega. Sú ráðstöfun dró úr mönnunarþörf sem var oft á tíðum illa nýtt.

Í upphafi sumars voru svo samþykktar tillögur hjá bæjarráði um skráningardaga í leikskólum bæjarins fyrir skólaárið 2023-24. Skráningardagarnir eru vetrarfrisdagar grunnskóla, milli jóla- og nýárs og í vikunni fyrir páska. Eins verður óskað eftir sérstakri skráningu alla föstudaga eftir kl. 14:00 og áætlað að halda úti lágmarksstarfsemi í leikskólum. Þannig verður komið til móts við betri vinnutíma leikskólastarfsfólks sem hingað til hefur komið mest niður á innra starfi skólanna.

Mönnunarvandi og fækkun faglærðra í leikskólanum er ennþá eitthvað sem leggja þarf áherslu á í samstarfi fjölmargra aðila. Að sama skapi þarf að halda vel utanum þann mannauð sem nú þegar liggur í leikskólunum og sinna honum vel. Mannauðurinn í Krikaskóla er mikill og mikilvægt að leggja áherslu á að halda honum við. Það verður áskorun því starfshópurinn eldist og lítil nýliðun er í stétt leikskólakennara.

## 12. Starfsáætlun - Skólanámskrá

Skólaárið 2021-22 var Skólanámskrá Krikaskóla endurskoðuð og gefin út. Henni er skipt í almennan hluta sem gildir fyrir skólann í heild sinni. Grunnskólahlutinn skiptist í árgangahluta og námssvið/greinahluta fyrir 1. til 4. bekk. Leikskólahlutinn skiptist í árgangahluta sem einnig tekur til námssviða leikskólans. Leikskólahluti námskrár er í vinnslu innan skólans og mun vonandi klárast á næsta skólaári.

Starfsáætlun er gefin út á hverju ári að hausti og lögð fram til kynningar hjá Skólaráði og í fræðslunefnd samkvæmt ákvörðun fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar.

## 13. Endurmat á samkomulagi við grunnskólakennara

Samkomulag við grunnskólakennara í Krikaskóla byggir á breyttu vinnulagi og starfstíma skólans. Samkomulagið er metið þrisvar yfir skólaárið í samtali trúnaðarmanns grunnskólakennara og skólastjórnenda. Framkvæmdastjóri fræðsluviðs hefur komið einu sinni yfir skólaárið, ef þörf er á, til fundar með trúnaðarmanni grunnskólakennara og skólastjóra varðandi samkomulagið.

Almenn ánægja ríkir með samkomulagið í Krikaskóla og engin breyting var gerð á því fyrir skólaárið 2022-2023. Samkomulag verður áfram gert við grunnskólakennara í Krikaskóla vegna óhefðbundins skóladagatala og áherslu skólans á samfelli í starfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs.

Skólaárið 2023-24 verður skólaskyldum dögum fækkað um 10 eða í 190 daga. Sú breyting kallar á aðra skilgreiningu á námi barna og störfum kennara. Dögnum verður fækkað í júní þar sem á liðnum árum hafa æ fleiri foreldrar óskað eftir leyfum fyrir börn sín til að sinna ýmsum frístundum sem komnar eru vel af stað um miðjan júní. Ró ætti því frekar að ríkja í skólastarfinu þegar megin þorri barnanna eru fram að skólaslitum.

## 14. Vinnueftirlitið - áhættumat

Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður – ásamt öryggisnefnd Krikaskóla vinnur áhættumat á skólahúsnæði og aðstæðum starfsmanna. Hvert teymi fyllir út eyðublað með upplýsingum sem síðan eru dregnar saman og lagðar fyrir starfsmannahópinn. Lögð er áhersla á að finna leiðir og úrbætur á þeim athugsemdum sem koma fram hjá starfsmönnum.

Ný öryggisnefnd var tilnefnd og kosin af starfsfólki á árinu. Hún hefur öll sótt sér námskeið og mun því vel til þess fallin að gæta að öryggi okkar og hollustuháttum á vinnustað.

## 16. Starfendarannsóknir Krikaskóla

**Eftirfarandi starfendarannsóknir voru unnar í Krikaskóla skólaárið 2022-2023:**

- Um hverfið. Haraldur Sigmundsson
- Leiðsagnarnám – hvernig festum við leiðsagnarnám í sessi í Krikaskóla? Hlín Ólafsdóttir, Gunnhildur Lilja Gísladóttir, Egill Jóhannsson, Svava Björk Ásgeirsdóttir, Birna Bjarkardóttir.
- Starfskenning kennara – Guðrún Ragna Emilsdóttir
- Krika-Fitt – 7 árum seinna. Hlaupaskemmtun. Eliths Freyr Heimisson

## Lokaorð

Heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur var unnin í skólanum á þessu skólaári. Þar eru tiltekin þau úrræði sem standa til boða til að mæta fjölþættum þörfum ásamt ábyrgð hvers og eins. Bent var á að slíka heildaráætlun vantaði við ytra matið sem fram fór 2021. Ljóst var að vinna þyrfti slíka áætlun í grunnskólum sveitarfélagsins með aðkomu Fræðslu- og frístundasviðs. Það var vel við hæfi að setja þessa áætlun fram en hún mun örugglega taka breytingum í ljósi áhrifa farsældarinnar í skólastarfið. Prepaskiptur stuðningur við börn og fjölskyldur mun hafa mikil áhrif inn í skólastarfið. Þar verður bæði um aukinn stuðning við starf skólans, kennara og alla þá sem koma að börnum daglega, ásamt skýrari leiðum og stuðningi við fjölskyldur.

Við erum aðeins komin af stað með farsældarhringinn í Krikaskóla. Fyrstu málin komin í þann farveg samkvæmt nýju verklagi. Það eru ennþá mörg álitamál enda er aðeins fyrsta ári innleiðingar að ljúka. Ferlar, eyðublöð, ábyrgð og áherslur eru í mótun. Rafrænar lausnir og leiðir að þróast þannig að auðveldara verði að skrá og halda yfirsýn. Við sjáum strax að breytt skráning dregur fram allt það faglega starf sem unnið er í skólanum með einstaka börnum. Það er ánægjulegt verkefni að sjá samstarfsviljann og tengja betur á milli skólans, skólaþjónustu, skólahjúkrunarfræðings og velferðarsviðs Mosfellsbæjar.

Verkföll settu mikinn svip á starfið okkar í lok skólaársins. Starfsmannafélag Mosfellsbæjar hóf verkfallsaðgerðir sínar 15. maí 2023 og þeim lauk ekki fyrr en 12. júní með sátt milli aðila. Verkföllin höfðu mikil áhrif á starf skólans sérstaklega hjá yngstu börnunum. Eldhúsið okkar var lokað í 13 daga og hafði það mikil áhrif á alla starfsemi skólans.

Áfangaskýrslu vegna ytra mats á vegum Menntamálastofnunar sem fram fór í Krikaskóla 2021 var skilað í janúar 2023 þar sem staða umbóta var metin. Lokaskýrslu á svo að skila 2024 og þar á að gera grein fyrir stöðu umbóta. Ljóst er að margt hefur verið klárað en umbótum í skólastarfi lýkur aldrei, alltaf er verk að vinna.

Ljóst er að stöðugleiki er góður í starfsmannahópnum milli skólaára og því fögnum við mjög. Starfshópurinn hefur fengið að glíma við flókin verkefni og styrkur hans er mikill. Það hefur verið gæfa skólans á þessu skólaári og lykilinn að því hversu vel gekk í ljósi síbreytilegs skólastarfs.

Heimasíða skólans er komin í hönnunarferli og við í skólanum munum leggja hönd á plóg á haustönninni við innihaldið. Síðan verður byggð upp á þeim skjölum sem þróuð hafa verið í skólanum á síðustu árum þ.e. skólanámskrá og starfsáætlun.

Í þessari samantekt er tekið til þátta sem ekki koma inn í starfsáætlun skólans eða í skólanámskrá með beinum hætti. Við leggjum áherslu á að allar ábendingar um þætti sem vantar inn í skýrsluna, frá foreldrum eða öðrum í skólasamfélagi Krikaskóla, eru vel þegnar.

Skólastjóranskipti verða nú í Krikaskóla og er það vel. Það felast alltaf tækifæri í slíkum breytingum sem vonandi verða til þess að skólaþróun verði áfram eitt aðalsmerki skólans.